

STJÓRNARTÍÐINDI B 111 – 1995

Nr. 611

1564

1. desember 1995

AUGLÝSING

um heimild til innflutnings á vetnisklórflúorkolefnum (HCFC) á árinu 1996

1. gr.

Fyrirtæki sem óska eftir leyfi til að flytja inn vetnisklórflúorkolefni (HCFC) á árinu 1996 í samræmi við d. lið 4. gr. og 9. gr. reglugerðar nr. 546/1994 um varnir gegn mengun af völdum ósoneyðandi efna skulu senda umsóknir til Hollustuverndar ríkisins samkvæmt auglýsingu stofnunarinnar í Lögbirtingablaði þar að lútandi.

2. gr.

Við ákvörðun á magni HCFC til fyrirtækja skal m.a. stuðst við magn HCFC og klórflúorkolefna (CFC) sem flutt var inn til landsins af viðkomandi fyrirtæki árið 1989.

3. gr.

Noti fyrirtæki samkvæmt 1. gr. ekki að fullu úthlutað magn af HCFC er Hollustuvernd ríkisins heimilt að úthluta því magni sem eftir stendur til fyrirtækja sem sótt hafa um heimild til innflutnings samkvæmt 1. gr. og/eða sannanlega flutt inn HCFC og/eða CFC fyrir birtingu auglýsingar þessarar.

4. gr.

Auglýsing þessi er gefin út samkvæmt ákvæðum 4. gr. og viðauka 2 reglugerðar nr. 546/1994 um varnir gegn mengun af völdum ósoneyðandi efna og öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytið, 1. desember 1995.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

Nr. 612

1. desember 1995

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 564/1989, um undanþágu á virðisaukaskatti vegna góðgerðarstarfsemi.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. reglugerðarinnar:

- a. Við 1. mgr. bætist nýr málslíður er verður 2. másl. og orðast svo: Skilyrði fyrir undanþágu er að aðili hafi ekki að öðru leyti með höndum skattskylda starfsemi en kveðið er á um í 2. gr.
- b. 2. mgr. orðast svo: Til líknarmála í skilningi reglugerðar þessarar telst öll viðurkennd líknarstarfsemi, sbr. c-lið 16. gr. reglugerðar nr. 483/1994, um frádrátt frá tekjum af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi.